

Ed.

1018. Frumvarp til laga

[397. mál]

um veitinga- og gististaði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. maí.)

Samhljóða þskj. 642 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Til þess að öðlast leyfi samkvæmt lögum þessum þarf umsækjandi að:

- a. vera fjárráða,
- b. hafa forræði á búi sínu,
- c. vera heimilisfastur á Íslandi og hafa verið það síðusta ár.

Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi skal falla að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita félagi fullnægi ábyrgðarmaður þess ofangreindum skilyrðum.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða sem lög þessi taka til og binda leyfi skv. lögum þessum skilyrðum er að því lúta.

8. gr. hljóðar svo:

Flokkun gististaða er sem hér segir:

- a. Hótel.

Gististaður þar sem gestamóttaka er opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera með hverju herbergi. Undanþágu má þó veita fyrir hluta herbergja. Þó skal alltaf vera handlaug í hverju herbergi og fullbúin snyrting nærliggjandi.

- b. Gistiheimili.

Gististaður með takmarkaða þjónustu. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.

- c. Gistiskáli.

Svefnpokagisting í herbergjum eða svefnskálum.

- d. Gisting á einkaheimilum.

Gisting á heimili leigusala.

Gistileyfi veitir einnig rétt til veitingasölu samkvæmt ákvæðum þar um.

15. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum með heimild í þeim varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögum skal farið að hætti opinberra mála.